

## Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson  
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur JohannessenAðstoðarritstjóri:  
Karl Blöndal

## Hvert stefnir í stríðinu?

Hryllingurinn í Úkraínu heldur áfram. Engin leið er að fá réttar tölur um mannfall en ljóst er að þær eru háar. Úkraínnumenn segja yfir fimmtú þúsund rússneska hermenn hafa fallið. Það kunna að vera ýkjur en mannfalið er mikið í herjum beggja, að ógleymdum þeim sem alls ekki mega gleymast; óbreyttum borgurum, konum, börnum, gömlu fólki og sjúku. Engu er eirt í slíku stríði þar sem innrásarherinn lætur sprengjum rigna yfir borgir og er annað hvort sama um líf óbreyttra borgara eða reynir beinlínis að valda sem mestri skelfingu sem óhjákvæmilega fylgir slíkum ósköpum.

Stríðið, sem Pútín forseti reynir enn að kalla sérstaka hernaðar- aðgerð, hefur staðið í rúmlega hálf tveimur árum, með þeim afleiðingum að stór svæði í austri og suðri Úkraínu eru sviðin jörð. Baráttuþrek úkraínska hersins er mun meira en búist var við enda töldu margir að her Pútíns yrði varla nema nokkra daga eða vikur að hertaka landið. Raunar töldu ýmsir, sem ekki var fráleitt að ætla, að Úkraínnumenn myndu gefast upp baráttulífi eða baráttulaust enda virtist við algert ofurefli að etja.

Framan af beið úkraínski herinn mikla ósigra og Rússar náðu næsta auðveldlega stórum hluta lands í austri og suðri. Þeir urðu hins vegar að endurhuga aðgerðirnar þegar skynsókinn breyttist í hægfara stríðsátök og í ljós kom að rússneski herinn var veikari en hefði mátt ætla af þeim mikla fjölda hermanna og hergagna sem safnað hafði verið að landamærum Úkraínu. Lengi vel sagði Pútín að þessi liðssöfnuður þýddi ekki að innrás væri yfirfandi, en sú fullyrðing reyndist jafn áreiðanleg og ýmsar aðrar síðan.

Þannig hefur Pútín til dæmis haldið því fram að hann muni ekki nota gas og olíu sem vopn í átökunum, þó ekki þeim hernaðarlegu, við ríki Evrópusambandsins. Þetta hefur allan tímann verið ósannfærandi staðhæfing og verður æ fjarstæðukenndari eftir því sem „viðgerðirnar“ á gasleiðslum rússneskra fyrirtækja gerast tímafreakari og umsamdar afhendingar bregðast oftar.

Í þessum efnun geta ríki ESB auðvitað engum um kennt nema eigin skammsýni og barnaskap, því þau áttu aldrei að treysta á orkuna frá Rússlandi, en það gerir hlut Pútíns ekki betri.

Annað sem hann hefur nýlega haldið fram er að kornið, sem samið var um að leyfa Úkraínu að flytja út til að reyna að forða fæðuskorti í fátækari ríkjum, rati í raun á diska ríkra Evrópubúa. Fylgst er með þessum kornflutningum og ekkert bendir til að Pútín hafi rétt fyrir sér um þetta, enda fjarstæðukennt. En nú telur

hann að það henti sér að nota yfirvofandi fæðuskort sem vopn og um leið að með slíku tali, spunnu saman við vel valin orð um svíksama nýlenduhera, megi etja íbúum Afríku gegn Vesturlöndum. Fróðlegt verður að sjá hvað verður úr þegar Pútín ræðir þetta við Erdogan, forseta Tyrklands, sem hann segir að standi til, en Erdogan átti stóran þátt í að hægt var að opna fyrir kornútflutninginn.

Það jákvæða við aukna hörku Pútíns gagnvart orkuútflutningi til ríkja Evrópusambandsins og gagnvart útflutningi Úkraínu á korni er að hvort tveggja er vísending um að hann óttist þróunina á vígvellinum. Hann fullyrðir að vísu að hann hafi engu tapað þar, en það virðist ekki rétt því að fregnir hafa borist af sókn Úkraínnumanna, einkum í austri en einnig ákveðnum ávinningi í suðri. Slíkum fregnum verður að taka með fyrirvara því að báðir aðilar hafa hag af að því að fegra sinn hlut. Enn fremur þarf að hafa þann fyrirvara á að þó að úkraínska hernum hafi tekist, með miklu harðfylgi og öflugum stuðningi í formi hergagna frá Vesturlöndum, einkum Bandaríkjunum, að ýta rússneska hernum nær landamærunum á ákveðnum stöðum, þá er ekki á vísan að róa um varanleika þeirra landvinninga.

Pútín kann að eiga nokkra ása í erminni og er þá ekki átt við kaup hans á hergögnum frá Norður-Kóreu eða drónum frá Íran, sem þó kunna að koma að gagni. Hann hefur til dæmis ekki enn farið út í allsherjarherkvaðningu í Rússlandi en með slíkri aðgerð gæti hann fjölgað verulega í hernum sem er nokkuð sem Úkraínnumenn geta ekki leikið eftir. Ekki er ljóst hvaða afleiðingar þetta hefði fyrir stöðu hans innanlands en hætt er við að hún sé nægilega sterk til að þetta gæti gengið upp. Þá er ekki hægt að útiloka, þótt enginn vilji hugsa þá hugsun til enda, að hann gripri til geryðingarvopna, eða í það minnsta hóti grímulaust beitingu þeirra, telji hann sig kominn í þá stöðu að hann geti ekki snúið stríðinu sér í vil með hefðbundnum aðferðum.

Engin leið er að fullyrða um hvernig stríðið þróast og það er sem fyrr að mestu í höndum Pútíns. Hann er sá sem hóf stríðsreksturinn og getur um leið stöðvað hann. En hann kann að vera kominn í þá stöðu að áhættan af því að hætta sé meiri en sú að halda áfram, jafnvel þó það þýði að gripa þurfi til aðferða sem hann hefur látið vera hingað til. Þess vegna fer því fjarri, því miður, að Úkraínnumenn geti talið sigur vísan, eins og stundum er fullyrt, nú þegar rússneski herinn hefur þurft að gefa nokkuð eftir.

## Þversnið þjóðfélags á fjögur þúsund síðum

## SVIÐSLJÓÐ

Ragnheiður Birgisdóttir  
ragnheidurb@mbl.is

Það er mikil dýpt í þessum lýsingum sem ég held að séu einstakar fyrir þetta tímabil og við fáum þarna mikið þversnið á árið 1770 í þjóðfélaginu,“ segir Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður um skjöl Landsnefndarinnar fyrir 1770-1771 sem nú hafa verið gefin út í heild. Útgáfu sjötta bindis þessarar útgáfu verður fagnað með ráðstefnu fimmtudaginn 15. september í Þjóðskjalasafni Íslands.

Landsnefndin fyrir þriggja manna sendinefnd sem dönsk stjórnvöld sendu til Íslands til þess að skoða allar hlíðar á íslensku samfélagi og dvaldi hér í eitt og hálf ár, 1770-1771.

Út úr þeirri vinnu kom gríðarstórt skjalasafn, um 4.000 síður, sem nú er komið á prent í sex bindum. Í fyrstu fjórum bindunum er að finna bréf og greinargerðir Íslendinga sem landsnefndin óskaði eftir en í síðustu tveimur bindunum eru vinnugögn og niðurstöður nefndarinnar og varpa þau ljósi á hvað þessari nefnd fannst um Ísland.

„Verkefni nefndarinnar var í rauninni að skoða allar hlíðar á þjóðlífinu, það var stjórnkerfið, heilbrigðismál, fiskveiðar, ræktun, handverk, skólahlald og í rauninni allt sem nöfnun tjáir að nefna í því hvernig reka á samfélag,“ segir Hrefna.

## Þjóðfélag í kreppu

„Á þessum árum var gríðarleg efnahagskreppa. Það hafði fjárkláði mikill gengið yfir sem gerði það að verkum að það hrundi stór hluti af bústofni á stórum hluta landsins. Þar af leiðandi var mikill fjárskortur í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Það var verið að leita leiða til þess að reisa það við. Tillögur um aukna útgerð, betri landbúnaðarhætti, þúfnasléttun og annað. Þannig að það má segja að þetta hafi verið þjóðfélag í kreppu þarna um 1770.“

Í framhaldinu komu fram ýmsar tillögur um hvernig mætti bæta íslenskt samfélag, t.d. í tengslum við landbúnað, vinnulöggjöfina, leigu- og einokunarsvæðinguna. Nefndin lagði margt til en ekki allt fór í framkvæmd.

## Land og líf

Fyrir stuttu gaf matvælaráðuneytið út samræmda áætlun í landgræðslu og skógrækt, ásamt aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Þar með er mörkuð stefna um hvernig við viljum sjá landgræðslu og skógrækt þróast næstu ár og tilgreint hvernig við ætlum að hrinda þeim fyrirætlunum í framkvæmd. Markvissar aðgerðir sem þessar eru forsenda þess að við getum náð markmiðum okkar í loftslagsmálum. Vinna þarf að því að ná 55% samdrætti fyrir árið 2030 og svo að hinu stóra verkefni, að þjóðfélagið verði kolefnishlutlaust árið 2040. An mikils árangurs í þeim hluta sem heyrir undir landnotkun mun það ekki nást. Við höfum ekki tíma til þess að bíða þangað til að allri óvissu um hver losunin er, hefur verið eytt með rannsóknum. Við vitum nú þegar. Við vitum að rofið land og framræst votlendi losar kolefni og skógrækt bindur kolefni.

## Blómleg vistkerfi bæta lífsgæði

Þá eru þessar aðgerðir ekki eingöngu loftslagsaðgerðir heldur eru þær í sjálfu sér mikilvægar og góðar. Í rúm hundruð ár hefur Landgræðslan stundað sína mikilvægu starfsemi, sem fyrst um sinn snerist um nauðvörn en hin síðari ár um sókn. Þó er enn mikið verk fyrir höndum, enda er allt of stór hluti landsins illa gróinn en ætti að geta verið grösugar heiðar. Blómlegri vistkerfi styðja einfaldlega við bætt lífsgæði þjóðarinnar ásamt því að blómlegri vistkerfi gefa meiri afurðir af sér, fyrir þá sem nýta þau.

Þær aðgerðir sem unnið verður að munu skila hundruðum

## Pistill



Svandís Svavarsdóttir



Skjöl Embættisbækur Landsnefndarinnar fyrir og hin sex binda útgáfa á skjölum nefndarinnar. Í bakgrunni er bréf bænda í Sandvíkurhreppi.

Þá segir Hrefna einnig að stéttaskiptingin í samfélaginu sjáist vel í skjalasafninu. „Þarna eru bréf frá öllu landinu og ýmsum þjóðfélagshópum, lögmönnum, sýslumönnum...“ Engir bréfitranna séu þó konur. Einnig sé áhugavert að skoða tungumálið sem notað var á þessum tíma. „Það er mikið orðfæri sem er öðruvísi en á 19. öld þegar það varð meiri málhrensun. Eins skrifa margir Íslendingar á dönsku, þá sérstaklega embættismennirnir, og þá sjáum við hvers konar dönsku þeir skrifa.“

Fimmtán árum síðar var stofnuð önnur landsnefnd og í kjölfar vinnu hennar urðu meiri breytingar á íslensku samfélagi, einokunarsvæðing var til dæmis aflétt og kaupstaðir stofnaðir. Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins vinna nú við að mynda skjalasafn Landsnefndarinnar síðari, sem telur um 5.000 síður.

Skjöl Landsnefndarinnar eru sameiginlegur arfur Íslands og Danmerkur. Danska ríkisskjalasafnið afhenti Íslendingum þau árið 1928.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Sögufélagið og Danska ríkisskjalasafnið og eru allir formálar, greinar og skýringar bæði á íslensku og dönsku.

## DAGLEGT LÍF Á 18. ÖLD

## Kvartanir almennings

Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður segir að sér hafi komið á óvart hve mikið er af lýsingum á daglegu lífi á síðinni hluta 18. aldar í skjölum landsnefndarinnar. „Það er það sem gerir þetta safn einstakt. Það er eiginlega stærsta safn bréfa frá almennum bændum og hjáleigumönnum þar sem þeir eru að lýsa aðstæðum sínum. Þeir eru að kvarta yfir landsdrottum sínum, hári leigu, búfjárfelli og öllu mögulegu.“

Í skjalasafninu sé að finna upplýsingar sem varpi ljósi á hvernig þjóðfélagið var á þessum tíma. Allt frá því hvernig kjör og samgöngur voru til þess hvernig mataræði fólks var og hvaða aðgang menn höfðu að tóbaki.



Hrefna Róbertsdóttir

uðum þúsunda tonna samdrætti í losun og aukinni bindingu. Gert er ráð fyrir blöndu af landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Orð eru til alls fyrst en það þarf einnig að huga að þeim hvötum sem eru til staðar fyrir landeigendur til að ráðast í verkefni. Ég sé fyrir mér að nauðsynlegt verði að beita búvörusamningnum til þess að skapa rétta hvata. Enda er það allra hagur að ráðist sé í sem fjölbreyttust landbótaverkefni. Eðlilegt er að ríkið búi þannig um hnútana að þeir sem ráðist í slík verkefni uppskeri laun erfðis síns.

## Bændur þurfa að uppskera fyrir árangur

Þessir hvatar eru ekki til staðar í þeim búvörusamningnum sem gerðir voru 2016. Engir hvatar eru til staðar fyrir bónda að t.d. endurheimta votlendi eða stunda markvissa beitarstýringu. Þessu verður að breyta, því að öðrum kosti er ætlast til þess að bændur gefi vinnu sína. Það er hvorki sanngjart né vænlegt til árangurs. Til þess að við náum árangri verða nauðsynleg umskipti að vera réttlát. Þannig verður að aðlaga kerfið þannig að það umbuni þeim sem ná árangri í loftslagsmálum.

Næstu ár eru afgerandi. Samræmd áætlun í landgræðslu og skógrækt er stórt skref í rétt átt. En fleiri skref, m.a. grænku búvörusamninga með áherslu á árangurstengingu þurfa að fylgja á næstu árum. svandis.svavarsdottir@mar.is

Höfundur er matvælaráðgjafi